



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, og um frumvörp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun Velferðarmála og um Barna- og fjölskyldustofu (354. mál, þingskj. 440, 355. mál, þingskj. 441., 356. mál, þingskj. 442, 151. löggj.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, og um frumvörp til laga um Barna- og fjölskyldustofu og um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við ofangreind mál.

Eins og á samráðsstigi málanna fagna samtökin því hvernig unnið hefur verið að gerð frumvarpanna sem hér eru til umfjöllunar af hálfu ráðuneyta, þingmannanefndarinnar og allra hagsmunaaðila. Að mati Barnaheilla virðist efni þeirra vera skynsamlega hugsað og framsett. Um er að ræða nýjar hugmyndir um þjónustu við börn og um aðferðafræði til að nálgast hvert barn með þarfir og réttindi þess í huga. Augljóst er að undirbúningsvinnan sem átti sér stað hefur skilað sér í tillögum sem virðast vera raunhæfar en jafnframt einkennast af hugrekki og bjartsýni, og þeim góða anda sem skapaðist í undirbúningnum og samtali hagsmunaaðila. Það ber að þakka og hrósa fyrir. Slík vinnubrögð eru til mikillar fyrirmyndar. Vonir Barnaheilla standa til þess að í þeim anda verði hægt að lagfæra og bæta þjónustu við börn í samræmi við þarfir þeirra, hvers og eins, en víst er að þörfin á því er til staðar. Jafnframt er mikilvægt að mati Barnaheilla að barnaverndarlög sem og önnur lög sem viðkoma þjónustu við börn verði uppfærð til samræmis þessum lögum sem allra fyrst og að þættir eins og málstjóri og teymisvinna sem eru hugtök sem birtast í umræddum frumvarpsdrögum, verði nýtt fyrir börn innan barnaverndarkerfisins líka.

Sérstaklega fagna samtökin þeirri heildstæðu hugmyndafræði sem birtist í frumvörpunum þar sem lykilorðið er FARSÆLD barna. Að stefnt sé að því „að stuðla að velferð og farsæld barna í barnvænu, heilsueflandi og valdeflandi samfélagi“, er afar verðugt og gott markmið að mati Barnaheilla og í fullu samræmi við tilgang og markmið Barnasáttmálans, leiðarljóss samtakanna.

Jafnframt fagna samtökin hugmyndinni að farsældarráðum, bæði hinum svæðisbundnu og því sem ætlað er að starfa fyrir landið allt, og þeirri staðreynd að þátttaka barna í vinnu þeirra skuli tryggð. Ástæða er að tryggja aðkomu foreldra líka að farsældarráðunum og Barnaheill hvetja til þess að ákvæði þess efnis verði bætt við frumvarpið.

Sú stefnumótunarvinna og framkvæmdaáætlanagerð sem farsældarráðum er ætlað að sinna, með áherslu á nýsköpun og úrbætur, er nauðsynleg til að halda vel utan um þróun og áframhaldandi umbætur á þjónustu við börn, á heildstæðan og ábyrgan hátt. Það er sannkölluð fjárfesting í börnum til framtíðar. Mikilvægt er að raunverulegt samráð eigi sér stað við notendur þjónustunnar, m.a. í gegnum farsældarráðin.

Barnaheill fagna því að með frumvarpinu eru lagðar skyldur á þjónustuveitendur að fylgjast með barni og bregðast við ef þeir verða varir við að þörfum barns sé ekki mætt. Nú hvílir tilkynningarskylda hjá kennurum í leik- og grunnskólum og fleiri starfsstéttum sem vinna með börnum en tölur frá Barnaverndarstofu sýna fram á að tilkynningar sem berast til barnaverndar frá þessum aðilum eru hlutfallslega lágar miðað við fjölda þeirra mála sem eru til meðferðar hjá barnaverndarnefndum og því

koma tilkynningarnar annars staðar frá. Með hugsanlega breyttum skyldum þjónustuveitenda er tækifæri til, að mati Barnaheilla, að endurskoða þá fræðslu sem þeir sem vinna með börnum fá um réttindi barna og tryggja þannig að hagsmunir barna verði alltaf hafðir að leiðarljósi þegar grunur vaknar um að þörfum barna og ungmenna sé ekki mætt.

Þá fagna Barnaheill sérstaklega að börnum verði tryggður aðgangur að tengilið á heilsugæslu, í leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða málstjóra hjá félagsþjónustu sveitarfélags eða öðrum viðeigandi aðila. Samtökin hafa talað fyrir þessari tillögu og telja að með sérstökum tengilið sé líklegra að börn og aðstandendur þeirra fái góðar leiðbeiningar sem taldar eru barninu fyrir bestu, þvert á þá þjónustu sem veitt er, og geta um leið verið mikilvæg forvörn varðandi áframhaldandi velferð barna.

Að mati Barnaheilla er mikilvægt að hafa ákvæði í lögnum ef frumvarpið verður samþykkt, um kröfur til menntunar þjónustuveitenda, þannig að þeir sem veiti börnum þjónustu hafi viðeigandi þekkingu á réttindum barna, háskólanám á sínu fagsviði og fullnægjandi starfsreynslu.

Einnig þykir Barnaheillum mikilvægt að benda á að í frumvarpinu eða í athugasemdum með því er ekki fjallað um hvernig með skuli fara ef ágreiningur rís um hvaða þjónustu barni skuli veitt og í hvaða mæli, þ.e. hver hafi úrslitaákvörðunarvald um val á þjónustu. Rétt þykir að skýra það í lögskýringargögnum (svo sem í umfjöllun um 22. grein) svo það valdi ekki óþarfa töfum á afgreiðslu mála, t.d. það að málstjóri hafi lokaákvörðun í samráði við barn og foreldra.

Barnaheill fagna hugmyndum um stofnun hinna tveggja nýju stofnana. Hugmyndin um stofnun Barna- og fjölskyldustofu ber merki þess að heilðrátt sé litið á líf barna sem hluta af fjölskyldu og um mikilvægi þess að hlúa að foreldrum og valdefla þá, á sama tíma og börnum er hjálpað á þann máta sem þörf er á. Fjölskyldan er grundvallareining samfélagsins og hið eðlilega umhverfi til vaxtar og velfarnaðar barna, eins og Barnasáttmálinn styður við. Henni ber að veita nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu.

Barnaheill fagna því jafnframt að við frumvarpið hefur verið bætt umfjöllun um áhrif þess á börn ef frumvarpið verður að lögum, í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans. Vissulega er um að ræða stutta umfjöllun um mat á áhrifum, en samtökin vonast til að sjá þróun á sviði umfjöllunar um mat á áhrifum stefnumótunar og lagasetningar á líf barna á komandi misserum.

Að endingu vilja Barnaheill eindregið hvetja stjórnvöld til að tryggja verkefninu ríkulegt fjármagn svo hægt verði að innleiða það og byggja á því til langrar framtíðar, til að samræma aðgerðir og verklag, þróa það áfram og nýta í þágu farsældar barna. Ef rétt er að verki staðið er eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu, fjárfest til framtíðar og mun aðferðarfræðin vonandi spara ríkinu stórfé þegar upp er staðið.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin ítreka ánægju sína með mál þau sem hér eru til umfjöllunar og hvetja til þess að þau fái skjóta afgreiðslu á Alþingi og verði samþykkt sem lög. Barnaheill taka fúslega þátt í frekari mótun málsins.